

GÁTLISTI FYRIR LÆKNA SEM ÁVÍSA SAMSETTUM GETNAÐARVARNARLYFJUM

Vinsamlegast notið þennan gátlista ásamt samantekt á eiginleikum lyfsins í hvert sinn sem veitt er ráðgjöf um samsett hormónagetnaðarvarnarlyf.

- Segarek (t.d. segamyndun í djúplægri bláæð, lungnasegarek, hjartadrep og heilaslag) er mikilvæg áhætta við notkun samsetts hormónagetnaðarvarnarlyfs.
- Hættan á segareki er meiri við notkun samsetts hormónagetnaðarvarnarlyfs:
 - á fyrsta ári notkunar
 - þegar verið er að hefja notkun á ný eftir hlé sem hefur staðið í 4 vikur eða lengur
- Samsett hormónagetnaðarvarnarlyf sem innihalda ethinylestradiol ásamt levonorgestrel, norgestimati eða norethisteroni eru álitin hafa í för með sér minnstu hættu á bláæðasegareki.
- Einstaklingsbundin áhætta konu er einnig háð grunnáhættu fyrir segareki. Við ákvörðun um notkun samsetts hormónagetnaðarvarnarlyfs skal því taka tillit til frábendinga og áhættuþátta konunnar, sérstaklega fyrir segareki – sjá reitina hér á eftir og samantekt á eiginleikum lyfsins.
- Ákvörðun um að nota samsett hormónagetnaðarvarnarlyf, annað en þau sem minnst áhætta fyrir bláæðasegareki fylgir, ætti einungis að taka eftir samtali við konuna til þess að tryggja að hún skilji:
 - hættuna á segareki sem fylgir samsetta hormónagetnaðarvarnarlyfinu
 - áhrif undirliggjandi áhættuþátta á áhættu hennar fyrir segamyndun
 - að hún verði að vera vakandi fyrir einkennum segamyndunar

Ávísaðu ekki samsettu hormónagetnaðarvarnarlyfi ef þú merkir í einhvern reit í þessum kafla. Er konan með:	
<input type="checkbox"/>	Yfirstandandi eða fyrri sögu um segarek, t.d. segamyndun í djúplægri bláæð, lungnasegarek, hjartadrep, heilaslag, skammvinnt blóðþurrðarkast í heila, hjartaöng?
<input type="checkbox"/>	Þekkta röskun á blóðstorknun?
<input type="checkbox"/>	Sögu um mígreni með fyrirboðaeinkennum (e. aura)?
<input type="checkbox"/>	Sykursýki með fylgikvilla í æðum?
<input type="checkbox"/>	Mjög háan blóðþrýsting, t.d. slagbilsþrýsting ≥ 160 eða þanbilsþrýsting ≥ 100 mm Hg?
<input type="checkbox"/>	Mjög háar blóðfitur?
<input type="checkbox"/>	Er meiri háttar skurðaðgerð eða langvarandi rúmlega/takmörkun á hreyfingu fyrirhuguð? Ef svo er skal <u>hætta notkun lyfsins og ráðleggja notkun getnaðarvarnar án hormóna í að minnsta kosti 4 vikur áður og 2 vikur eftir að konan hefur fulla fótaferð/hreyfigetu aftur.</u>

Ræddu við konuna um það hvort samsett hormónagetnaðarvarnarlyf muni henta henni ef þú merkir í einhvern reitanna í þessum kafla:	
<input type="checkbox"/>	Er líkamsþyngdarstuðull hennar yfir 30 kg/m ² ?
<input type="checkbox"/>	Er hún eldri en 35 ára?
<input type="checkbox"/>	Reykir hún? Ef hún gerir það og er jafnframt eldri en 35 ára ætti að <u>ráðleggja henni eindregið að hætta að reykja eða nota getnaðarvörn án hormóna.</u>
<input type="checkbox"/>	Er hún með háan blóðþrýsting, t.d. slagbilsþrýsting 140-159 eða þanbilsþrýsting 90-99 mm Hg?

<input type="checkbox"/>	Á hún nákominn ættingja sem hefur fengið segarek (sjá lista fyrir framan) á unga aldri (t.d. fyrir 50 ára aldur)?
<input type="checkbox"/>	Er hún eða einhver í nánustu fjölskyldu hennar með háar blóðfitur?
<input type="checkbox"/>	Fær hún migreni?
<input type="checkbox"/>	Er hún með hjarta- og æðasjúkdóm, eins og gáttatif, hjartsláttaróreglu, kransæðasjúkdóm, eða hjartalokusjúkdóm?
<input type="checkbox"/>	Er hún með sykursýki?
<input type="checkbox"/>	Hefur hún fætt barn á síðustu vikum?
<input type="checkbox"/>	Fyrirhugar hún langa flugferð (>4 klst.) eða ferðast hún lengur en 4 klst. á dag?
<input type="checkbox"/>	Er hún með einhvern annan sjúkdóm sem gæti aukið hættu á segamyndun (t.d. krabbamein, rauða úlfa, sigðkornasjúkdóm, Crohn 's-sjúkdóm, sáraristilbólgu, blóðlýsubvageitrunarheilkenni)?
<input type="checkbox"/>	Notar hún einhver önnur lyf sem gætu aukið hættu á segamyndun (t.d. barkstera, sefandi lyf, geðrofslyf, þunglyndislyf, krabbameinslyf o.s.frv.)?

Fleiri en einn áhættuþáttur getur þýtt að ekki ætti að nota samsett getnaðarvarnarlyf. Gleymdu ekki að áhættuþættir konunnar geta breyst með tímanum. Mikilvægt er að nota gátlistann í hvert sinn sem konan mætir í eftirlit.

Gakktu úr skugga um að konan skilji að hún eigi að upplýsa viðkomandi heilbrigðisstarfsmenn um að hún noti samsett hormónagetnaðarvarnarlyf ef hún:

- þarf að gangast undir skurðaðgerð
- þarf að vera lengi rúmliggjandi eða ef hreyfigeta er skert um tíma (t.d. vegna áverka eða veikinda eða ef fótleggur er í gífsi)
- Í slíkum tilvikum væri best að ræða við hana um hvort nota ætti getnaðarvörn án hormóna þar til áhættan er aftur orðin eðlileg.

Segðu einnig konunni að hætta á sega sé aukin ef:

- hún ferðast í langan tíma (>4 klst.)
- einhverjar af frábendingum fyrir notkun samsettrar hormónagetnaðarvarnar eða einhverjir áhættuþættir koma upp
- hún hefur eignast barn á síðustu vikum
- Í slíkum aðstæðum eiga konur að vera sérstaklega vakandi fyrir öllum hugsanlegum einkennum segareks.

Ráðlegðu konunni að láta þig vita ef einhver framangreindra aðstæðna breytist eða versnar mikið.

Hvetja skal konur eindregið til að lesa fylgiseðilinn sem fylgir hverri pakkningu með samsettu hormónagetnaðarvarnarlyfi. Þar er að finna upplýsingar um einkenni vegna sega sem nauðsynlegt er að þær séu vakandi fyrir.

Vinsamlegast tilkynnið allar ætlaðar aukaverkanir til Lyfjastofnunar. Leiðbeiningar eru á heimasíðu Lyfjastofnunar (sjá „Aukaverkanir“) www.lyfjastofnun.is